

## Bjarti fálkinn fríði<sup>1</sup>

Árið 1945 kláraði hin átján ára gamla Klava námskeið hjá Rauða krossinum og útvegaði sér vinnu sem hjúkrunarkona á berklasjúkrahúsinu – þar var álagsuppbót. Strax fyrsta vinnudaginn varð hún ástfangin af sjúklingi á stofu númer fimm, Filipp Kononov að nafni, og giftist honum um leið og búið var að útskrifa hann til að deyja heima. En læknumum skjátlaðist, hann dó ekki strax, heldur eftir tvö og hálf ár.

Filipp var afar hávaxinn, grindhóraður, og svo fagur að nágranna-stúlkan Zhenja,<sup>2</sup> sem þá var fjögurra ára, gleymdi aldrei hve ævintýralega fríður sýnum hann var: Hann var eins og bjarti fálkinn fríði, Andrej örvaskytta eða Ívan konungssonur.<sup>3</sup> En þrátt fyrir yfirþyrmandi bláma augnanna, sem lágu djúpt í augntóftunum, var hann algjör skepna. Hann var tvítugur, hann hafði fengið lækni-meðferð vegna berklanna sem blossuðu upp eftir að hann særðist í stríðinu, en tæringin át upp lungu hans þrátt fyrir ákafa viðleitni lækna – þó át hún hann upp hraðar illskan út í veröldina alla og heim hinna lifandi sem myndu halda áfram að lifa á jörðinni eftir að hann yrði horfinn. Og eftir því sem lungun tærðust því kröftugar sauð í honum illskan og mest beindist skelfilegt afl hennar að Klövu sem huggaði sig við þá lágkúrulegu alþýðuspeki að ef hann lemdi hana – þá elskaði hann hana.

Hann gekk í fyrsta sinn í skrokk á brúði sinni í brúðkaupsveislunni. Vinkonurnar, sem höfðu borðað bökurnar upp til agna,

1 Rebekka Práinsdóttir þýddi.

2 Sögupersónurnar búa í *kommúnöiku* sem var algengt búsetuform einkum í Moskvu og Pétursborg á Sovéttímanum. Þar bjuggu nokkrar fjölskyldur eða einstaklingar saman og höfðu eitt eða fleiri herbergi fyrir sig. Eldhús, baðherbergi, salernisaðstaða (ef einhver var) og gangur voru sameiginleg rými. Nágrannastúlkan Zhenja er stúlka sem býr í sömu íbúð og Kononovfjölskyldan, en í öðru herbergi.

3 Hér er vísað til persóna úr rússneskum ævintýrum og þjóðsögum sem nokkur vandi er að nefna á íslensku, en þær eiga það sammerkt að vera hetjur og glæsímenni í hlutverki draumaprinsa og konuefna.

sátu enn yfir leifunum af rauðrófusalatinu og ósköpuðust yfir því hve óásjáleg slánaleg brúðurin væri með þessi þykku gleraugu, á meðan Klava, sem hafði fengið sitt fyrsta glóðarauga, grét í herbergi nágrannanna<sup>4</sup> á öxl móður Zhenju. Til að hugga hana dröslaði Zhenja til hennar samanlímdri franskri dúkku, Lúísu, dýrgrip ömmu sinnar. Mamma Zhenju lagði hráan lauk á marblettinn sem var að byrja að blómstra – þá tíðkaðist þessi sérkennilegi siður sem einnig virtist sóttur í viskubrunn alþýðuspekinnar. En Klava hristi tjásulegan hárbúskinn með nýja sex mánaða permanentinu og úthellti fyrstu tárunum yfir sinni miklu ást.

Svo bankaði María Vasiljevna móðir Klövu á dyrnar, grét og sagði:

– Þú hefur steipt þér í glötun, stelpukjáni, steipt þér í glötun. Það hefði verið skárra að giftast drykkjumanni en svona rudda ...

Og Filipp elskaði Klövu konuna sína af öllum sínum illu sálar-kröftum. Allt þeirra tveggja og hálf árs hjónaband barði hann hana sundur og saman, og lét svívirðingarnar dynja á henni þar sem hann elti hana eftir löngum gangi kommúnölkunnar. Þó að hún væri hálfblind var hún fim og leggjälöng og reyndi alltaf að stökkva út bakdyramegin og út á götu, en hann náði henni og ef hann gerði það ekki fleygði hann á eftir henni hamri eða stígvélasteðja úr járnri. Og alltaf öskraði hann það sama:

– Þú munt lifa, tíkin þín, og hór...st, en ég mun deyja.

Hann var skósmiður, hafði lært iðnina af pabba sínum í æsku og vann sér inn dálítinn pening þar sem hann sat í þröngu skotinu sem tilheyrði fjölskyldu hans og á voru tveir þriðju hlutar af glugga. Herberginu, sem var stórt með tveimur gluggum, var skipt í þrennt með heimatilbúnum skilrúmum og í hverjum hluta bjó ein fjölskylda.

Í þá daga var svo lítið til af skóm og það þurfti oft að gera við þá. Og Filipp bjó til hælbatúr fyrir bæði nágranna sína og ókunnuga, tjaslaði saman sólum, festi á hækappa ...

4 Veislan fer fram í því herbergi sem fjölskylda Klövu (sem er gælunafn fyrir nafnið Kládía) hafði til umráða – en hún fer og leitar sér huggunar í næsta herbergi, sem önnur fjölskylda hefur til umráða.

Drengurinn Vaska, sem fæddist á fyrsta hjúskaparárinu, var fyrsta ungbarnið sem Zhenju var sýnt. Frá föður sínum erfði hann fagurblá augun, skræka marrandi röddina og slæma erfðavísa.

Úr litlu herbergi Kononovfjölskyldunnar bárust í sífellu óþægileg hljóð: tryllingslegur hósti í bland við hroðaleg blótsyrði, veinin í Klövu og stöðugur barnsgráturinn. Síðan smaug Vaska fram á hlykkjóttan ganginn og skreið sleitulaust, á meðan hann var enn ekki farinn að ganga, milli dyranna og eldhússins. Seinna fór hann að ganga og hélt þá uppteknum hætti á tveimur jafnfljótum, allt þar til hann flæktist um fætur grannkonu sem var á leið inn í sitt herbergi með pott fullan af nýsoðinni kálsúpu. Sjóðandi heit súpan helltist yfir Vaska og hann var fluttur til aðhlyningar á Fílatovskí-sjúkrahúsið. Mamma Zhenju og María Vasíljevna fóru með hann á sjúkrahúsið, því þennan dag var Klava á sólarhringsvakt.

Gangurinn hafði mest aðráttarafl af öllum stöðum íbúðarinnar; hann var yfirfullur af skápum, hillum og allskonar dóti úr járni og tré, á einum veggnum hékk meira að segja jafn furðulegt fyrirbæri í borgarlífinu og klafi. En Zhenju var bannað að fara fram á ganginn einmitt vegna Filipp: hann gerði sér það til gamans að hrækja gráum, freyðandi hroðanum úr því sem eftir var af lungum sínum í sameignina en ekki í þar til gerða kringlóttu glerkrukku. Íbúðin var krökk af berklabakteríum sem dreifðust í milljónavís um íbúðina, þrátt fyrir sameiginlegar tilraunir Klövu og móður Zhenju til að útrýma þeim með klór.

Einu sinni fékk Klava í magann, var veik í heila viku og var að lokum flutt í sjúkrahús beint úr vinnunni á Jekaterínskí-sjúkrahúsið. Í ljós kom að hún var með bráðabotnlangabólgu og var skorin upp í snatri. Hún var útskrifuð eftir viku, og sá dagur var minnisstæður vegna þess að Filipp barði Klövu, sem tapað hafði bæði árvekni og lipurð, með viðarbút úr eldiviðarhlaðanum á ganginum: eina kamínan sem kynt var frá ganginum var í herbergi Klövu, allir aðrir ofnar voru kyntir í herbergjunum.

Þennan dag sá Filipp konuna sína í hinsta sinn; saumarnir rifnuðu upp, ígerð komst í sárið, hún fékk blóðeitrun, og hinn mikilhæfi skurðlæknir Aleksjeev, sem þá var ekki orðinn félagi í akademíunni, heldur var bara góður ungur læknir, risti upp öll hennar innyfli. Í heilan mánuð lá hún milli heims og helju, en þegar

hún sneri aftur heim af sjúkrahúsinu var búið að jarða Filipp; hann dó án hennar.

Rétt eins og Vaska var fyrsta ungbarnið sem Zhenja leit augum, var Filipp fyrsta líkið sem hún sá um ævina. Líkið stóð uppi í eldhúsinu – stærstu vistarverunni í íbúðinni, þar sem haldin voru brúðkaup, íbúafundir og jarðarfarir. Enginn grét og sjálfur kom Filipp Zhenju á óvart með því að hósta ekki. Einnig undraði það hana að blá augu hans sáust ekki, en augnhárin, löng eins og nálar, vörpuðu fölbláum skugga á ævintýrlegt andlit Hugrakka fálkans fríða ... Hann var tuttugu og þriggja ára.

Eftir spítalavistina var hjúkrunarkonustarfið orðið of erfitt fyrir Klövu en hún sýndi mikla útsjónarsemi með því að fara á námskeið í næringarfræði. Nú fór hún að höndla með matvæli á berklahælinu. Úr eldhúsinu stal hún smjöri og kjötbitum. Þetta bar hún heim í lítilli tautösku sem hún faldi undir víðri peysu á sumrin, en kápu á veturna. Hinn berklaveiki Vaska þurfti staðgott fæði. Þetta sama ár greindist Zhenja líka með berkla og byrjaði ekki í skóla þó að hún væri orðin sjö ára.

Í kommúnölkunni vissu allir allt um alla. Og það vissu líka allir að Klava stal. Mamma Zhenju útskýrði fyrir henni að Klava mætti stela – ekki „við“. Þessa afstæðiskenningu skildi Zhenja á augabragði. Ekki síst vegna atburðar sem varð nokkru fyrr – þegar Zhenja veiddi upp úr þvottaskál nágrannanna, sem var full af óhreinu leirtaui, silfurskeið með fangamarki ömmu sinnar, sýnt móður sinni og hrópað sigrihrósandi:

– Sjáðu, skeiðin okkar lá í balanum hjá Maríu Vasíljevnu!

Móðir hennar horfði kuldalega á hana:

– Skilaðu þessu undir eins þangað sem þú tókst það!

Zhenja varð hneyksluð.

– En þetta er skeiðin okkar!

– Já, samsinnti móðir hennar – en María Vasíljevna er orðin vön henni, þess vegna skaltu setja hana þangað sem hún var!

Fjörutíu árum síðar hitti Zhenja Vaska<sup>5</sup> í borginni Minsk. Hann gekk til hennar og spurði:

– Zhenja, þekkirðu mig ekki?

5 Í raun og veru ætti að beygja þetta orð – en vegna þess að þetta er gælunafn fyrir karlmann tek ég þá ákvörðun að beygja það ekki.

Zhenja þekkti hann undireins. Hann var lifandi eftirmynd Fil-  
ipps sáluga, þó að blámi augnanna næði ekki sömu hæðum. Hann  
var kominn fast að fimmtugu, var dósent í landbúnaðarháskólanum  
í borginni og hafði lifað helmingi lengur en faðir hans. Móðir hans,  
Kládía Ívanovna Kononova, hafði gifst Búlgara. Hann elskar hana  
og lemur hana ekki. Og amma Vaska, María Vasíljevna, er á lífi og  
við góða heilsu. Og hún notar skeið með fangamarki ömmu Zhenju  
til að hræra í teinu sínu.